



75. sveitarstjórnarfundur
F26-08-075

Sveitarstjórn Húnabyggðar Fundargerð

Fundur haldinn þann 8.9.2026, 15:03 – 16:54. Staðsetning fundar: Húnabraut 5.

Fundarstjóri:	Guðmundur Haukur Jakobsson forseti sveitarstjórnar
Ritari:	Dagný Rósa Úlfarsdóttir ritari
Fundinn sátu:	Grímur Rúnar Lárusson aðalmaður Zophonías Ari Lárusson aðalmaður Jenný Lind Gunnarsdóttir aðalmaður Kolbrún Ágústa Guðnadóttir aðalmaður Jón Gíslason aðalmaður Sævar Björgvinsson aðalmaður Helgi Páll Gíslason aðalmaður Ragnhildur Haraldsdóttir aðalmaður
Starfsmenn:	Pétur Arason sveitarstjóri

Forseti sveitarstjórnar setti fund og fór yfir formsatriði í upphafi fundar og athugaði með athugasemdir við boðun fundar. Engar athugasemdir eru við fundarboð og telst fundurinn því löglegur.

1. F26-08-074 - 152. fundur Byggðarráðs

Fundargerð 152. fundar byggðarráðs Húnabyggðar lögð fram til staðfestingar á 75. fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar eins og einstök erindi bera með sér. Liðir 1, 3 og 5 þarfnast sérstakrar afgreiðslu. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með níu atkvæðum samhljóða.

*152. fundur Byggðarráðs F26-08-074 Byggðarráð Húnabyggðar fundargerð
Fundur haldinn þann 13.8.2026, 15:00 – 17:05. Staðsetning fundar: Húnabraut 5.
Fundarstjóri: Zophonías Ari Lárusson formaður
Ritari: Dagný Rósa Úlfarsdóttir
Fundinn sátu:
Kolbrún Ágústa Guðnadóttir aðalmaður
Grímur Rúnar Lárusson aðalmaður
Jón Gíslason áheyrnarfulltrúi*

Í upphafi fundar óskaði formaður eftir að bæta við máli á dagskrá er snýr að akstri í FNV og verður það mál nr. 14. Er það samþykkt samhljóða að bæta því á dagskrá.

1. M26-08-477 - Samgöngur og skipulag - Vegagerðin

*Fyrir fundinum lá hvatning frá Vegagerðinni til sveitarfélaga að unnið sé með stofnuninni í breytingum á aðalskipulagi og skipulagsmálum almennt.
Byggðarráð tekur undir þá hvatningu og ný afstaðin breyting á aðalskipulagi Húnabyggð er gerð í fullu samráði við opinberar stofnanir. Byggðarráð vill nota tækifærið í tilefni af hvatningu Vegagerðarinnar um samstarf og samráðs að slíkt hið sama gildi um framkvæmdir Vegagerðarinnar, en mikill misbrestur hefur verið á því undanfarin ár að sjálfsögðum og lögskyldum reglum um samráð sé fylgt af*

Vegagerðinni. Þá vill byggðarráð áréttu áður innsendar athugasemdir um ástand Svínvetningabrautar frá Svartárbrú að Kjalvegi sem er að mati byggðarráðs stórhættulegt öllum vegfarendum. Á þetta hefur margsinnis verið bent á undanförunum árum, umbótum lofað, en ekkert hefur enn gerst og ástandið heldur áfram að versna. Þá eru margir aðrir vegir í sveitarfélaginu í mjög slæmu ástandi og þeim illa viðhaldið.

Bókun fundar:

Sveitarstjórn tekur undir bókun byggðaráðs. Samþykkt með 9 atkvæðum samhljóða.

2. M26-08-450 - Félagsheimilið á Blönduósi (uppsögn á samningi)

Fyrir fundinum lá uppsögn á rekstrarleigu félagsheimilisins á Blönduósi. Byggðarráð vísar málinu til umfjöllunar atvinnu- og menningarnefndar og felur nefndinni að fjalla um framtíð hússins og starfsemina þar og skili inn tillögum til byggðarráðs sem fyrst.

3. M26-08-486 - Skipan fulltrúa í farsældarráð SSNV

Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að skipa Ragnhildi Haraldsdóttur og Ásdísi Öddu Ólafsdóttur sem aðalmenn og Lindu Björk Ævarsdóttur og Jennýju Lind Gunnarsdóttur sem varamenn í svæðisbundið farsældarráð SSNV.

Bókun fundar:

Sveitarstjórn samþykkir að skipa Ragnhildi Haraldsdóttur og Ásdísi Öddu Ólafsdóttur sem aðalmenn og Lindu Björk Ævarsdóttur og Jennýju Lind Gunnarsdóttur sem varamenn í svæðisbundið farsældarráð SSNV. Samþykkt með 8 atkvæðum og 1 situr hjá, Jón Gíslason.

4. M26-08-453 - Áheyrnafulltrúi velferðarnefndar

Lagt fram til kynningar ákvörðun sveitarfélagsins Skagastrandar um að Eydís Inga Sigurjónsdóttir sé áheyrnafulltrúi sveitarfélagsins í velferðarnefnd Húnabyggðar og að Ragnheiður Erla Stefánsdóttir sé til vara.

5. M26-08-451 - Heimilisiðnaðarsafn (skipulagsskrá og fundargerð)

Lagðar fram til kynningar fundargerð frá 23.07.2026 og ný útgáfa af skipulagsskrá Heimilisiðnaðarsafnsins. Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að skipaðir verði þrír nýir aðalmenn í stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins og þrír til vara.

Bókun fundar:

Sveitarstjórn samþykkir að skipa Birgi Þór Haraldsson, Ragnhildi Haraldsdóttir og Auðunn Stein Sigurðsson sem aðalmenn og Atla Einarsson, Guðmund Hauk Jakobsson og Magdalenu Berglindi Björnsdóttir sem varamenn. Tillaga samþykkt með 8 atkvæðum og 1 sat hjá, Jón Gíslason.

6. M26-07-394 - Félög (ehf) Húnabyggðar

Lagt fram til kynningar að félögin Hrossaræktardeild Bólstaðarhlíðarhrepps og Lestrarfélagið Vísir hafi formlega verið lögð niður og lokað.

7. M26-08-462 - Blönduóshöfn

Byggðarráð samþykkir beiðni atvinnu- og menningarnefndar að láta loka vegslóðanum norður fyrir varnargarðinn við Blönduóshöfn og byggðarráð áréttar að öll efnistaka á hafnarsvæðinu er óheimil.

8. M26-08-461 - Gamli hafnarkraninn á Blönduósi

Atvinnu- og menningarnefnd leggur til við byggðarráð að gamli hafnarkraninn á Blönduóshöfn verði gerður upp og komið fyrir á Blönduóshöfn, en kraninn er nú í

Draugagili. Beiðni atvinnu- og menningarnefndar um að gera upp gamla hafnarkranann sem stóð á Blönduóshöfn er vísað til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2027.

9. M26-08-482 - Umsókn um leikskólavist utan lögheimilissveitarfélags

Erindi samþykkt og bókun færð í trúnaðarbók.

10. M26-08-483 - Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags

Erindi samþykkt og bókun færð í trúnaðarbók.

11. M26-08-455 - Umsagnarbeiðni - Veitingaleyfi 2026-040679

Zophonías Ari Lárusson vék af fundi undir þessum lið og Kolbrún Ágústa Guðnadóttir tók við fundarstjórn.

Fyrir fundinum lá erindi frá Brimslóð ehf. vegna veitingaleyfis við Norðurlandsveg 4. Byggðarráð veitir jákvæða umsögn um erindið fyrir sitt leyti.

Zophonías Ari Lárusson kom aftur inn á fundinn eftir afgreiðslu málsins og tók við fundarstjórn.

12. M26-08-452 - Umsókn um gistileyfi

Fyrir fundinum lá erindi frá Jóni Kristófer Sigmarssyni vegna gistileyfis á Hæli.

Byggðarráð veitir jákvæða umsögn um erindið fyrir sitt leyti.

13. M26-08-481 - Samstarf Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga í málefnum innflytjenda og flóttafólks

Kynning á samstarfi Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga í málefnum innflytjenda og flóttafólks. Lagt fram til kynningar og erindinu vísað til velferðarnefndar.

14. M26-07-434 - Akstur í FNV

Akstur nemenda í Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra (FNV) á vegum Húnabyggðar hefst miðvikudaginn 19. ágúst 2026. Skráðir nemendur hafa fengið nánari upplýsingar um aksturinn. Akstursreglur og gjaldskrá eru í vinnslu og verða teknar fyrir hjá byggðarráði þegar þær liggja fyrir.

Fundi slitið 17:05.

2. F26-08-076 - 153. fundur Byggðarráðs

Fundargerð 153. fundar byggðarráðs Húnabyggðar lögð fram til staðfestingar á 75. fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar eins og einstök erindi bera með sér. Liðir 13 og 15 þarfnast sérstakrar afgreiðslu. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með níu atkvæðum samhljóða.

153. fundur Byggðarráðs F26-08-076 Byggðarráð Húnabyggðar fundargerð

Fundur haldinn þann 26.8.2026, 15:00 – 17:22. Staðsetning fundar: Húnabraut 5.

Fundarstjóri: Zophonías Ari Lárusson formaður byggðarráðs

Ritari: Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Fundinn sátu:

Kolbrún Ágústa Guðnadóttir aðalmaður

Grimur Rúnar Lárusson aðalmaður

Jón Gíslason áheyrnarfulltrúi

Starfsmenn: Pétur Arason sveitarstjóri

Í upphafi fundar óskaði Zophonías Ari Lárusson, formaður byggðarráðs að bæta við 2 málum á dagskrá. Það eru Aðalfundarboð veiðifélagsins Hængs og erindi frá Grími Rúnari Lárussyni um Frístund í Húnaskóla. Er það samþykkt og verður Aðalfundarboð veiðifélagsins Hængs dagskrárliður nr. 17 og erindi um Frístund í Húnaskóla dagskrárliður nr. 18.

1. M26-08-499 - Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags

Bókun færð í trúnaðarbók.

2. M26-08-506 - Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags

Bókun færð í trúnaðarbók.

3. M26-08-488 - Reglur um skólavist utan lögheimilissveitarfélags

Fyrir fundinum lágu drög að reglum Húnabyggðar um skólavist utan lögheimilissveitarfélags. Byggðarráð felur fræðslustjóra og sveitarstjóra að vinna reglurnar áfram og senda til umsagnar hjá fræðslunefnd og velferðarnefnd.

4. M26-08-508 - Erindi vegna embættis skipulags- og byggingafulltrúa

Erindi frá sveitarstjórn Skagastrandar um samstarf vegna embættis skipulags- og byggingafulltrúa. Byggðarráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til sveitarstjóra til frekari úrvinnslu.

5. M26-08-511 - Fundargerð 142. fundar stjórnar SSNV

Lagt fram til kynningar.

6. M26-08-519 - Girðingar í Norðurárdal

Beiðni frá fjallskiladeild Enghlíðinga varðandi nýgirðingu safnhólfs í landi Þverár í Norðurárdal. Byggðarráð samþykkir erindi fjallskiladeildar Enghlíðinga enda liggi fyrir samningur við landeigendur.

7. M26-08-518 - Ársreikningur Eyvindarstaðaheiðar 2025

Lagt fram til kynningar.

8. M26-08-517 - Húsfélagið á Þverbraut 1

Byggðarráð tilnefnir Atla Einarsson sem fulltrúa Húnabyggðar í húsfélag Þverbrautar 1.

9. M26-08-516 - Kjördæmadagar haust 2026

Lagt fram til kynningar.

10. M26-08-515 - Framlög Jöfnunarsjóðs vegna reksturs grunnskóla og skólaaksturs 2026-2027

Lagt fram til kynningar.

11. M26-08-514 - Umsókn um gervigrasvöll

Erindi frá Knattspyrnudeild Hvatar varðandi samstarf vegna umsóknar um nýbyggingu 20 m x 40 m gervigrasvallar í samstarfi við KSÍ og FIFA. Almennar umræður um möguleika á nýjan gervigrasvelli á Blönduósi. Grímur Rúnar Lárusson vék af fundi eftir almennar umræður um erindið. Byggðarráð samþykkir með 2 atkvæðum erindið og óskar eftir fundi með fulltrúum knattspyrnudeildar Hvatar vegna undirbúnings umsóknar. Grímur Rúnar Lárusson kom aftur inn á fundinn eftir afgreiðslu erindisins.

Grímur Rúnar Lárusson vék af fundi undir umræðum og afgreiðslu um þennan lið.

Bókun fundar:

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og hafa samband við bréfritara.

12. M26-08-513 - Búsetukjarni á Sunnubraut

Erindi frá Grími Lárussyni er varðar stöðu á byggingu búsetukjarna á Sunnubraut tekið fyrir en Brák íbúðafélag sér um framkvæmd verkefnisins og hefur sótt um stofnframlag til HMS. Húnabyggð hefur skilað inn áður fengnu stofnframlagi til HMS vegna yfirtöku Brákar á verkefninu. Samkomulag hefur náðst á milli Húnabyggðar og Brákar um framlag Húnabyggðar í verkefnið sem verður um 40 milljónir miðað við núverandi áætlanir. Brák hefur samið við verktaka um framkvæmdina sem hefst um leið og HMS hefur gefið formlega út stofnframlag Brákar. Á 146. fundi byggðarráðs var eftirfarandi fært til bókar:6. Þjónustukjarni fyrir fólk með fötlun á Blönduósi. Byggðarráð samþykkir að sótt verði aftur um stofnframlag til HMS vegna þjónustukjarna fyrir fólk með fötlun og felur sveitarstjóra verkefnið. Til áréttingar undirstrikar byggðarráð Húnabyggðar að Húnabyggð felur Brák íbúðafélagi að sækja um stofnframlag vegna búsetukjara fyrir fatlað fólk við Sunnubraut í stað þess stofnframlags sem Húnabyggð skilaði inn vegna sama verkefnis. Sveitarstjóra falið að koma á fundi með sveitarstjórn og fulltrúa Brákar þar sem verkefnið verður kynnt frekar.

Umræður urðu um þetta mál.

13. M26-07-385 - Hnjúkabyggð 27 - eign 2136679

Byggðarráð samþykkir kauptilboð upp á 39.000.000 kr. í eign sveitarfélagsins að Hnjúkabyggð 27.

Bókun fundar:

Sveitarstjórn samþykkir kaupsamning samhljóða með 9 atkvæðum.

14. M26-08-507 - Þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu

flutningskerfis raforku Byggðarráð staðfestir umsögn Húnabyggðar um málið og felur sveitarstjóra að senda inn umsögnina.

15. M26-06-100 – Reykir

Byggðarráð samþykkir kaupsamning vegna kaupa Húnabyggðar á landspildu úr landi Reykja.

Forseti gerir grein fyrir því að vegna afgreiðslu fyrirbyggjandi kaupsamnings þurfi jafnframt að samþykkja viðauka við fjárhagsáætlun 2026. Viðaukinn fylgdi ekki fundargögnum en er lagður fram á fundinum og kynntur sveitarstjórn.

Bókun fundar:

Sveitarstjórn samþykkir viðauka nr. 3 við fjárhagsáætlun 2026 vegna kaupa Húnabyggðar á tæplega 15 hektara landspildu úr landi Reykja. Kaupverð nemur 17 m.kr. Viðaukinn hefur óveruleg áhrif á rekstrarniðurstöðu sveitarfélagsins og er honum mætt með lækkun handbærs fjár. Samþykkt samhljóða með 9 atkvæðum.

Sveitarstjórn samþykkir jafnframt samhljóða með 9 atkvæðum fyrirbyggjandi kaupsamning og felur sveitarstjóra að ganga frá kaupnum fyrir hönd Húnabyggðar.

16. M26-08-520 - Leiga á landspildu við Húnavelli

Lögð fram til kynningar drög að leigusamningi milli eigenda Reykja og Húnabyggðar um leigu eigenda Reykja á landspildu Húnabyggðar við Húnavelli. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

17. M26-08-532 - Aðalfundur veiðifélagsins Hængs

Byggðarráð veitir Guðmundi Hauki Jakobssyni fullt og ótakmarkað umboð, fyrir hönd sveitarfélagsins, til þess að mæta á aðalfund veiðifélagsins Hængs, miðvikudaginn 26. ágúst 2026, klukkan 17:00 og greiða þar atkvæði.

Kolbrún Ágústa Guðnadóttir vék af fundi eftir afgreiðslu þessa máls.

18. M26-08-512 - Frístund í Húnaskóla (Skóladagheimili)

Erindi frá Grími Rúnari Lárussyni varðandi stöðu Frístundar í Húnaskóla. Sveitarstjóri upplýsti að ákveðið hefur verið að í ár verði 4. bekkur að loknum skóladegi í Frístund á efri hæð í Íþróttahúsi. Yngri bekkirnir verða í Frístund í gamla skólanum eins og verið hefur. Með þessu móti skapast meira pláss fyrir frístundastarf. Byggðarráð áréttar að taka þarf ákvarðanir um framtíðarlausn á húsnæðismálum leik- og grunnskóla Húnabyggðar. Ljóst er að úrbóta er þörf til að mæta að fullu þeim húsnæðisþörfum sem fyrir eru.

Fundi slitið 17:22.

3. F26-08-079 - 11. fundur umhverfisnefndar

Fundargerð 11. fundar umhverfisnefndar Húnabyggðar lögð fram til staðfestingar á 75. fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar eins og einstök erindi bera með sér. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með níu atkvæðum samhljóða.

11. fundur umhverfisnefndar F26-08-079 Umhverfisnefnd fundargerð

Fundur haldinn þann 27.8.2026, 15:30 – 17:42. Staðsetning fundar: Húnabraut 5.

Fundarstjóri: Erla Jónsdóttir formaður

Ritari: Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Fundinn sátu:

Friðrún Fanný Guðmundsdóttir aðalmaður

Guðmundur Haukur Jakobsson aðalmaður

Auðunn Steinn Sigurðsson aðalmaður

Arnór Guðjónsson varamaður fyrir Morgan Bresko

Pétur Arason sveitarstjóri

Sigmar Ingi Njálsson starfsmaður skrifstofu

Gestir:

Berglind Björnsdóttir,

Sara Björk Þorsteinsdóttir,

Magnús B. Jónsson

Formaður setti fund og fór yfir boðun fundar, engar athugasemdir eru við fundarboð.

1. M26-08-523 - Loftslagsstefna sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Inn á fundinn komu Berglind Björnsdóttir og Sara Björk Þorsteinsdóttir frá SSNV til að kynna loftslagsstefnu sveitarfélaga og lögbundin verkefni sveitarfélaga tengd loftslagsmálum. Fyrir liggur að gera þarf aðgerðaráætlun með loftslagsstefnunni og því vantar upplýsingar frá sveitarfélagi til að hefjast handa við 0-punkt. Þær kynntu ýmis gögn og verkfæri sem hægt er að styðjast við í þeirri áætlunargerð eru til og eins varðandi umhverfismál almennt er snúa að sveitarfélaginu. Sigmar Ingi Njálsson, starfsmaður Húnabyggðar kom einnig inn á fundinn. Almennar umræður um loftslags-

og umhverfismál og hvernig sveitarfélög geta sinnt sínum lögbundnu verkefnum. Nefndin þakkar fyrir greinargóða kynningu.

2. M26-08-524 - Eftirlit með lokuðum urðunarstöðum

Inn á fundinn kom Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður Norðurár bs. og kynnti tilboð frá ReSource um að sinna eftirliti með lokuðum urðunarstöðum í Draugagili, á Skarðsmóum og á Harastöðum. Norðurá bs. er með samning við fyrirtækið um vöktun á urðunarsvæðinu í Stekkjarvík. Umhverfisnefnd þakkar Magnúsi B. Jónssyni fyrir kynninguna. Nefndin frestar afstöðu til tilboðsins til næsta fundar.

3. M26-08-525 - Losunarbókhald Húnabyggðar

Sigmar Ingi Njálsson, starfsmaður skrifstofu Húnabyggðar kynnti aðferðafræði og skil sveitarfélagsins inn á loftslagsvef sveitarfélaga, Loftslagsvænni sveitarfélög. Berglind og Sara sátu fund undir þessum lið. Sigmar kynnti líka greiningu á úrgangsbókhaldi Húnabyggðar, inni hjá Pure North. Almennar umræður um skráningu loftslagsbókhalds, endurvinnsluefni og kostnað. Nefndin þakkar Sigmar Inga Njálssyni fyrir greinargóða kynningu.

4. M26-08-522 - Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2023-2036

Berglind Björnsdóttir fór yfir aðgerðir í gildandi svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi. Nefndin þakkar Berglindi fyrir mjög góða yfirferð á aðgerðunum.

Berglind Björnsdóttir, Sara Björk Þorsteinsdóttir og Sigmar Ingi Njálsson yfirgáfu fundinn eftir þennan dagskrárlið.

5. M26-08-526 - Staðsetning rusladalla í sveitarfélaginu

Nefndin vísar því til Þjónustumiðstöðvar að gera þarfagreiningu á staðsetningum ruslatunna og tíðni losunar þeirra innan Blönduóss, ásamt uppfærslu á korti um staðsetningu ruslatunna. 6. M26-06-320 - Verkefni sveitarfélaga vegna breytinga á heilbrigðiseftirliti. Fyrir fundinum lágu gögn frá Umhverfis- og orkustofnun yfir þau verkefni sem sveitarfélögum ber að sinna. Nefndin felur Þjónustumiðstöð að taka saman yfirlit yfir þær sýnatökur sem Heilbrigðiseftirlitið hefur sinnt fyrir sveitarfélagið vegna yfirfærslu verkefna til sveitarfélaga um næstu áramót.

7. M26-08-527 - Fundartími umhverfisnefndar

Nefndin ákveður að fastur fundartími nefndar verði þriðji fimmtudagur í mánuði kl. 15.

8. M26-08-528 - Sorphirða í Húnabyggð

Umræður um framtíðarsýn varðandi hirðingu og flokkun sorps í sveitarfélaginu. Sveitarstjóra er falið að kanna kostnað og skipulag hjá öðrum sveitarfélögum varðandi aðferðir við sorphirðingu og flokkun. Jafnframt er sveitarstjóra falið að kanna hug nágrannasveitarfélaga á samstarfi á þessu sviði.

9. M26-08-529 - Sorpmóttökustöðvar í Húnabyggð

Nefndin kallar eftir upplýsingum hjá sveitarstjóra um kostnað vegna aukins opnunartíma á endurvinnsluplani og uppgreiðsluverðmæti samnings um endurvinnsluplan.

Fundi slitið 17:42.

4. F26-08-080 - 28. fundur fræðslunefndar

Fundargerð 28. fundar fræðslunefndar Húnabyggðar lögð fram til staðfestingar á 75. fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar eins og einstök erindi bera með sér. Liður 7 þarfnast sérstakrar afgreiðslu. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með níu atkvæðum samhljóða.

28. fundur fræðslunefndar F26-08-080 Fræðslunefnd fundargerð

Fundur haldinn þann 31.8.2026, 15:00 – 16:30. Staðsetning fundar: Húnabraut 5.

Fundarstjóri: Magnús Sigurjónsson formaður

Ritari: Magnús Sigurjónsson formaður

Fundinn sátu:

Ásdís Ýr Arnardóttir aðalmaður

Atli Einarsson aðalmaður

Ásdís Adda Ólafsdóttir aðalmaður

Gunnar Ingi Jósepsson aðalmaður

Gestir:

Þórhalla Guðbjartsdóttir skólastjóri Húnaskóla

Sigríður Aadnegard leikskólastjóri

Kristín Frímannsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara Húnaskóla

Heiðbrá Kristjánsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara leikskóla

Elvar Ingi Jóhannesson áheyrnarfulltrúi foreldra í Húnaskóla

Katrín Benediktsdóttir sviðstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs

Dagný Rósa Úlfarsdóttir fræðslustjóri

Ásdís Adda Ólafsdóttir óskaði eftir að bæta við máli á fundinn - Rafrænar lausnir.

Samþykkt samhljóða og verður liður nr. 9

1. M26-08-537 - Náms- og starfsráðgjafi

Fræðslunefnd vill beina því til byggðarráðs að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2027 verði gert ráð fyrir stöðuhlutfalli náms- og starfsráðgjafa við Húnaskóla.

2. M26-08-543 - Símafrí í skólum

Ný reglugerð um notkun síma og snjalltækja á skólatíma í grunnskóla og á frístundaheimilum. Mennta- og barnamálaráðherra, hefur undirritað reglugerðina. Með reglugerðinni eru settar samræmdar reglur um símafrí í grunnskólum landsins. Skólar landsins hafa nú haustmisseri til innleiðingar. Ljóst er að innleiðingin krefst samstarfs við nemendur skóla og foreldra. Einnig felst ábyrgð í því að innan skólans verði örugg geymsla snjalltækja sem vert er að huga að sem fyrst.

3. M26-08-541 - Tölustafir í stað bókstafa í námsmati

Lagt fram til kynningar. Breytingar á námsmati er þegar hafnar í grunnskólum og munu tölustafir verða í stað bókstafa. Strax í vor munu 10. bekkingar fá einkunnir sínar í tölustöfum.

4. M26-08-540 - Samræmd viðmið um skólasókn

Lagt fram til kynningar. Unnið er að samræmingu viðmiða um skólasókn sem kemur til notkunar á næsta skólaári. Markmiðið er að skrá, bregðast við og koma í veg fyrir skólaforðun barna í grunnskólum á samræmdan hátt á landsvísu. Málið er nú í samráðsgátt stjórnvalda.

5. M26-08-534 - Skýrsla skólastjóra Húnaskóla

Skólastjóri las upp skýrslu sína um upphaf skólaársins 2026-2027. Skýrslan mun verða birt á heimasíðu Húnaskóla.

6. M26-08-538 - Skólanámskrá og starfsáætlun

Umræður urðu um skólanámskrá og starfsáætlun skólanna. Samkvæmt 29. gr. laga um grunnskóla og 14. gr. laga um leikskóla kveður á um skólanámskrá og starfsáætlanir. Skólastjórar upplýstu um stöðu mála. Fræðslunefnd vill beina því til skólastjóra að klára vinnu skólanámskrár sem fyrst með hliðsjón af aðalnámskrám, menntastefnu Húnabyggðar og sérstöðu skólanna. Einnig skal starfsáætlun skólanna fyrir skólaárið 2026-2027 liggja fyrir 15. september.

7. M26-08-539 - Móttökuáætlun

Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Fræðslunefnd beinir því til sveitarstjórnar að stofnaður verði starfshópur um gerð móttökuáætlunar leik- og grunnskóla og samfélagsins alls, meðal annars skv. 16. grein laga um grunnskóla.

Bókun fundar:

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 9 atkvæðum stofnun starfshóps um gerð móttökuáætlunar leik- og grunnskóla og samfélagsins alls. Eftir tilnefningar stofnanna og ráða munu eftirfarandi aðilar sitja í starfshópnum: Sara Lind Kristjánsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Kristín Birgisdóttir fyrir leikskóla Húnabyggðar, Ragnheiður Ólafsdóttir fyrir Húnaskóla og Ásdís Ýr Arnardóttir fulltrúi fræðslu- og velferðarnefnda.

8. M26-08-542 - Útivistartími barna

Frumvarpsdrög um breyttan útivistartíma barna. Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur birt í Samráðsgátt stjórnvalda drög að frumvarpi um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, sem varðar útivistartíma barna. Efni frumvarpsins var áður kynnt sem hluti af drögum að frumvarpi til nýrra heildarlaga um barnavernd sem lagt var fram á 157. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Í samræmi við nefndarálit meiri hluta velferðarnefndar Alþingis er efnið nú kynnt í sérstöku frumvarpi og óskað eftir frekara samráði við börn og aðra hlutaðeigandi aðila um þennan afmarkaða en mikilvæga málaflokk sem snertir daglegt líf fjölskyldna í landinu. Í frumvarpsdrögunum er lagt til að útivistartími barna á aldrinum 10–12 ára verði lengdur um eina klukkustund yfir vetrartímann. Samkvæmt tillögunni verður þeim heimilt að vera á almannafæri til klukkan 21.00 án fylgdar fullorðinna, í stað klukkan 20.00 samkvæmt gildandi lagareglum. Jafnframt er lagt til að börn níu ára og yngri megi vera úti til klukkan 20.00 og að reglur fyrir börn á aldrinum 13–16 ára verði áfram miðaðar við klukkan 22.00. Undantekning gildir meðal annars þegar börn eru á heimferð úr skóla-, íþrótt- eða frístundastarfi. Einnig er lagt til að sumartími reglnanna gildi frá 1. júní til 1. september í stað þess að hefjast 1. maí. Markmiðið er að tengja reglurnar betur við skólaárið. Reglur um útivistartíma barna hafa að meginstefnu til staðið óbreyttar frá árinu 1992. Við undirbúning frumvarpsins hefur meðal annars verið tekið mið af sjónarmiðum barna um aukinn sveigjanleika, þroska og möguleika til útiveru og samveru, samhliða verndar- og forvarnarsjónarmiðum. Umsagnafrestur í samráðsgátt stjórnvalda er lokið. Fylgst verður með afgangi frumvarpsins enda við kemur það skólasamfélaginu ásamt íþrótt- æskulýðs og tómstundastarfi sem og barnavernd.

9. M26-08-548 - Rafrænar lausnir

Ásdís Adda Ólafsdóttir benti á rafrænar lausnir, t.d. að hægt er með tiltölulega einföldum hætti að útbúa skóladagatal leik- og grunnskóla með þeim hætti að

foreldrar og/eða forráðamenn geta sótt þau og samkeyrt við eigið dagatal. Þá nefndi Ásdís einnig forritið "Læsir" sem heldur m.a. utan um heimalestur. Fræðslunefnd telur þetta mjög áhugavert og hvetur skólastjórnendur til að kanna möguleika um að taka upp þessar rafrænu lausnir.

10. M26-08-535 - Skýrsla skólastjóra leikskóla Húnabyggðar

Skólastjóri flutti skýrslu sína um upphaf skólaársins 2026-2027. Skýrslan verður birt á heimasíðu leikskólans.

11. M26-08-536 - Starfsáætlun fræðslunefndar

Drög að starfsáætlun fræðslunefndar skólaárið 2026-2027 og lögbundin verkefni hennar. Lögð fram drög að starfsáætlun fræðslunefndar 2026-2027.

Fræðslunefndarmönnum falið að skoða og koma með athugasemdir fyrir næsta fund nefndarinnar þar sem fyrirhugað er að samþykkja starfsáætlun fræðslunefndar.

Fundi slitið 16:30.

5. M26-06-333 - 65. fundur skipulags- og samgöngunefndar

Fundargerð 65. fundar skipulags- og samgöngunefndar Húnabyggðar lögð fram til staðfestingar á 75. fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar eins og einstök erindi bera með sér. Liðir 12, 14 og 15 þarfnast sérstakrar afgreiðslu. Jón Gíslason vikur af fundi vegna umræðna um liði 2, 3 og 4. Sævar Björgvinsson vikur af fundi vegna umræðna um lið 7. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með níu atkvæðum samhljóða.

65. fundur skipulags- og samgöngunefndar Skipulags- og samgöngunefnd fundargerð Fundur haldinn þann 01.09. 2026, 15:00 - 17:30. Staðsetning fundar: Húnabraut 5.

Fundarstjóri: Atli Einarsson formaður

Ritari: Börkur Þór Ottósson skipulags- og byggingafulltrúi

Fundinn sátu:

Sævar Björgvinsson aðalmaður

Arnrún Bára Finnsdóttir aðalmaður

Ágústa Rós Ingibjörnsdóttir aðalmaður

Ásdís Adda Ólafsdóttir aðalmaður

Elísa Ýr Sverrisdóttir embættismaður

1.Sunnubraut 8-16, merkjalýsing (2608015)

Lögð var fram merkjalýsing vegna stofnunar nýrra lóða við Sunnubraut 8, 10, 12, 14 og 16 á Blönduósi. Afmörkun lóðanna byggir á samþykktri deiliskipulagsbreytingu fyrir íbúðarbyggð við Sunnubraut og hnitsettum lóðarblöðum Landmótunar, dags. 27. ágúst 2026. Um er að ræða þrjár 806 m² einbýlishúsalóðir við Sunnubraut 8, 10 og 12, tvær 403 m² lóðir fyrir parhús við Sunnubraut 14 og 2.123 m² lóð við Sunnubraut 16 fyrir raðhúsakjarna með allt að fimm íbúðum. Skipulags- og samgöngunefnd samþykkir fyrir sitt leyti framlagða merkjalýsingu vegna stofnunar nýrra lóða við Sunnubraut 8, 10, 12, 14 og 16 samkvæmt framlögðum gögnum og hnitsettum lóðablöðum. Nefndin telur að stofnun og afmörkun lóðanna sé í samræmi við samþykktu deiliskipulagsbreytingu fyrir íbúðarbyggð við Sunnubraut.

2.Merkjalýsing, Dunhóll-Stóra-Búrfell (2608006)

Lögð var fram merkjalýsing landamerkja milli Stóra Búrfells, L145321, og Dunhóls, L145322, í Húnabyggð, dags. 2. júlí 2026. Merkjalýsingin er unnin samkvæmt lögum um skráningu, merki og mat fasteigna nr. 6/2001 og reglugerð um merki fasteigna nr. 160/2024 og tekur jafnframt til aðliggjandi fasteignarinnar Dunhóls lóðar, L177430.

Markmið merkjalýsingarinnar er að mæla upp og staðfesta landamerki milli Stóra Búrfells og Dunhóls. Fram kemur að stærðir fasteignanna breytist ekki við merkjalýsinguna og að vegslóði frá Svínvetningabraut að Svínavatni liggi við landamerkin, þar sem kvöð hvílir á eigendum um að hindra ekki umferð um vegslóðann. Skipulags- og samgöngunefnd samþykkir fyrir sitt leyti framlagða merkjalýsingu landamerkja milli Stóra Búrfells, L145321, og Dunhóls, L145322, í Húnabyggð.

Ágústa Rós vék af fundi undir þessum lið.

3.Merkjalýsing, Dunhóll-Tindar (2608005)

Lögð var fram merkjalýsing landamerkja milli Tinda, L145329, og Dunhóls, L145322, í Húnabyggð, dags. 6. júlí 2026. Merkjalýsingin er unnin samkvæmt lögum um skráningu, merki og mat fasteigna nr. 6/2001 og reglugerð um merki fasteigna nr. 160/2024 og tekur jafnframt til aðliggjandi fasteignarinnar Dunhóls lóðar, L177430. Með merkjalýsingunni, ásamt merkjalýsingu landamerkja Stóra Búrfells og Dunhóls, eru landamerki Dunhóls að fullu lýst og staðfest. Fram kemur að stærðir fasteignanna breytist ekki við merkjalýsinguna. Skipulags- og samgöngunefnd samþykkir fyrir sitt leyti framlagða merkjalýsingu landamerkja milli Tinda, L145329, og Dunhóls, L145322, í Húnabyggð.

4.Merkjalýsing, Stóra-Búrfell-Tindar (2608004)

Lögð var fram merkjalýsing landamerkja milli Stóra Búrfells, L145321, og Tinda, L145329, í Húnabyggð, dags. 7. júlí 2026. Merkjalýsingin er unnin samkvæmt lögum um skráningu, merki og mat fasteigna nr. 6/2001 og reglugerð um merki fasteigna nr. 160/2024 og tekur jafnframt til aðliggjandi fasteigna Dunhóls lóðar, L177430, og Hamars, L145296. Markmið merkjalýsingarinnar er að mæla upp og staðfesta landamerki milli Stóra Búrfells og Tinda. Fram kemur að stærðir fasteignanna breytist ekki við merkjalýsinguna. Skipulags- og samgöngunefnd samþykkir fyrir sitt leyti framlagða merkjalýsingu landamerkja milli Stóra Búrfells, L145321, og Tinda, L145329, í Húnabyggð.

Ágústa Rós kom aftur inn á fundinn eftir þennan lið.

5.Brekkubýggð 5, merkjalýsing. (2608011)

Lögð fram merkjalýsing vegna lóðaruppfærslu fyrir Brekkubýggð 5, L144852, í Húnabyggð. Samkvæmt merkjalýsingu er lagt til að lóðarstærð verði leiðrétt úr 760 m² í 938 m², eða um 178 m². Skipulags- og samgöngunefnd samþykkir, fyrir sitt leyti, framlagða merkjalýsingu vegna lóðaruppfærslu fyrir Brekkubýggð 5, L144852, í Húnabyggð, þar sem lóðarstærð er leiðrétt úr 760 m² í 938 m², í samræmi við framlagða merkjalýsingu og uppdrátt.

6.Byggingaráform Ægisbraut 9 (2501032)

Með innsendu erindi dags. 25. ágúst 2026 óskar Hjörleifur Júlíusson fyrir hönd Mýrarbrautar 23 ehf. eftir byggingarleyfi að Ægisbraut 9 samkvæmt meðfylgjandi gögnum. Skipulags- og samgöngunefnd leggur til að byggingaráformin verði grenndarkynnt fyrir eftirfarandi lóðarhöfum. Árbraut 35, Ægisbraut 3,11 og 12.

Undir þessum lið vék Sævar Örn Björgvinsson

7.Raunteikningar vegna breytinga við Efstubraut 1 (2608014)

Með innsendu erindi dags. 27 ágúst 2026 leggur Atli Gunnar Arnórsson hjá Stoð ehf fram raunteikningar af eignahlut Líflands ehf vegna innanhúss breytinga ásamt skýli við anddyri við aðalinngang. Skipulags- og samgöngunefnd veitir umbeðið leyfi með

fyrirvara um samþykki meðeigenda í húsinu vegna bíslags. Byggingafulltrúa falið að óska eftir skriflegu samþykki meðeigenda frá umsækjanda.
Sævar Örn Björgvinsson kom aftur inn á fundinn.

8.Fálkagerði 1-11, umsókn um stöðuleyfi. (2608008)

Ístak hf. sækir um stöðuleyfi á lóð Fálkagerðs 1-11 fyrir vinnubúðum vegna framkvæmda á svæðinu. Skipulags- og samgöngunefnd samþykkir, fyrir sitt leyti, að veita Ístaki hf. stöðuleyfi fyrir vinnubúðum.

9.Míla, umsókn um framkvæmdaleyfi vegna ljósleiðaralagna, Borealis - Breiðavað (2606009)

Tekin fyrir að nýju umsókn frá Mílu hf. um framkvæmdaleyfi vegna nýlagningar ljósleiðara frá Breiðavaði að gagnaveri Borealis. Erindinu var frestað á 62. fundi nefndarinnar þann 16. júní 2026. Framkvæmdin felst í lagningu nýs ljósleiðara frá núverandi tengibrunni Mílu við Breiðavað, þar sem ljósleiðararör verður plægt niður í jörð, dregið í núverandi rör undir þjóðveg 1 og jafnframt undir Blöndu. Fram kemur að Borealis hafi óskað eftir því að ný lega ljósleiðarans verði aðskilin frá núverandi legu inn í gagnaverið til að auka rekstraröryggi. Skipulags- og samgöngunefnd samþykkir fyrir sitt leyti afgreiðslu umsóknar Mílu ehf. um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiðara frá Breiðavaði að gagnaveri Borealis og felur skipulags-og byggingafulltrúa að afgreiða leyfið.

10.Umsókn um framkvæmdarleyfi fyrir lagningu ljósleiðara. (2606006)

Tekin fyrir að nýju umsókn frá Ljósleiðaranum ehf. um framkvæmdaleyfi vegna lagningar nýs ljósleiðararörs við Blönduós. Erindinu var frestað á 62. fundi nefndarinnar þann 16. júní 2026. Framkvæmdin felst í lagningu ljósleiðararörs á um 3.300 metra kafla frá þjóðvegi að Fálkagerði samkvæmt meðfylgjandi gögnum. Gert er ráð fyrir að rörið verði að mestu lagt með plægingu en grafið þar sem aðstæður krefjast þess. Samkvæmt umsókn er áætlað að framkvæmdin taki innan við viku og í samráði við hlutaðeigandi lóðarleigjendur og verktaka. Skipulags- og samgöngunefnd samþykkir fyrir sitt leyti afgreiðslu umsóknar Ljósleiðarans ehf. um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiðararörs við Blönduós og felur skipulags-og byggingafulltrúa að afgreiða leyfið.

11.Umsagnarbeiðni, breyting á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026, nr. 09172026 (2608001)

Lögð var fram til umsagnar skipulags- og matslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 og gerðar nýs deiliskipulags fyrir tengivirki og spennistöð í landi Reykja við Laugarbakka. Fyrirhugað er að breyta landnotkun svæðisins úr landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði og stofna tvær um 2.500 m² lóðir, annars vegar fyrir tengivirki Landsnets og hins vegar fyrir spennistöð RARIK. Skipulags- og samgöngunefnd Húnabyggðar gerir ekki athugasemdir við framlagða skipulags- og matslýsingu vegna tengivirkis og spennistöðvar í landi Reykja við Laugarbakka og veitir henni jákvæða umsögn.

12.Deiliskipulag, tjaldsvæði við Hnjúkabyggð (2608007)

Til kynningar og umræðu drög að deiliskipulagi tjaldsvæðis við Hnjúkabyggð. Lögð fram til kynningar fyrstu drög að tjaldsvæði við Hnjúkabyggð. Nefndin mun funda eftir tvær vikur til að rýna skipulagið frekar og í framhaldi af því óska eftir fundi með hönnuðum.

Bókun fundar:

Sveitarstjórn felur skipulags- og samgöngunefnd að vinna áfram að drögum um skipulag og hönnun tjaldsvæðis sem verði kynnt á íbúafundi. Samþykkt samhljóða með 9 atkvæðum.

13. Óverulega breytinga á deiliskipulagi við Fálkagerði, fjölgun lóða (2608013)

Lögð fram tillaga Arkís arkitekta ehf. að óverulegri breytingu á deiliskipulagi gagnavers við Svínvetningabraut sem nær til lóðanna Fálkagerðis 1- 15 (eftir breytingu Fálkagerði 1-11)Í deiliskipulagstillögunni felst að:Lóðir Fálkagerðis 4 og 6 eru sameinaðar í eina lóð.Lóð Fálkagerðis 8 er skipt upp í tvær lóðir, Fálkagerði 8 og 8a.Afmarkaðar eru fjórar nýjar lóðir, Fálkagerði 7, 9, 10 og 10a.Byggingarreitur á lóðum stækkar en byggingarmagn er óbreytt. Að öðru leyti gilda gildandi núverandi deiliskipulagsskilmálar.Samhliða deiliskipulagsbreytingunni eru lóðnúmer uppfærð. Tillagan er sett fram á breytingarupphætti. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

14.Krafa um bætt umferðaröryggi á Hólabraut (1810014)

Lagt var fram erindi frá íbúa vegna umferðaröryggis á Hólabraut á Blönduósi. Í erindinu er vakin athygli á hraðakstri um götuna og þeirri hættu sem af honum getur stafað, sérstaklega fyrir börn, gangandi og hjólandi vegfarendur. Óskað er eftir að aðstæður á Hólabraut verði teknar til skoðunar og metið hvort og hvar koma megi fyrir hraðahindrun, þrengingu eða öðrum viðurkenndum hraðalækkandi aðgerðum. Skipulags- og samgöngunefnd þakkar fyrir erindið og tekur undir mikilvægi þess að tryggja öryggi allra vegfarenda, sérstaklega barna, gangandi og hjólandi vegfarenda. Nefndin upplýsir að vinna við að bæta umferðaröryggi á Hólabraut er í vinnslu og að þar verði meðal annars horft til viðeigandi hraðalækkandi og umferðaröryggisáðgerða. Nefndin ítrekar jafnframt mikilvægi þess að gerð verði umferðaröryggisáætlun fyrir sveitarfélagið.

Umræður urðu í sveitarstjórn um þennan lið fundargerðar.

Bókun fundar:

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 9 atkvæðum að setja strax í gang vinnu við Umferðaröryggisáætlun. Sveitarstjórn upplýsir að búið er að panta 4 hraðahindranir sem verða settar til bráðabirgða og verður sú fyrsta sett niður á Hólabraut.

15.Kvörtun vegna Norðurlandsveg 3 (2608016)

Lögð var fram kvörtun frá íbúa við Melabraut vegna hávaða frá bílastæði N1 við Norðurlandsveg á Blönduósi. Í erindinu kemur fram að eftir að bílastæðið var tekið í notkun árið 2023 hafi umferð um svæðið verið mikil, meðal annars vegna vörubíla og annarra stærri ökutækja, og að af því hljótist ónæði fyrir nærliggjandi íbúðabyggð. Óskað er eftir að ráðist verði í hljóðverndandi aðgerðir milli lóðar N1 og íbúðabyggðar við Melabraut. Skipulags- og samgöngunefnd tekur erindið alvarlega og telur mikilvægt að brugðist verði við ábendingum íbúa um ónæði vegna starfsemi og umferðar á svæðinu. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að lóðarhafa við Norðurlandsveg 3 verði gert að reisa hljóðvegg í samræmi við gildandi deiliskipulag og þeim heimildum sem þar eru varðandi hljóðvarnir milli atvinnusvæðis og aðliggjandi íbúðabyggðar.

Grímur Rúnar Lárusson óskar eftir að sveitarstjórn ákvarði um hæfi hans við afgreiðslu þessa liðar. Skv. 20. grein sveitarstjórnarlaga ákvarðar sveitarstjórn hæfi nefndarmanna. Forseti bar upp tillögu um hæfi Gríms Rúnars sveitarstjórnarmanns við afgreiðslu málsins og er hún samþykkt samhljóða og telst Grímur Rúnar því hafa til afgreiðslu þessa máls.

Umræður urðu í sveitarstjórn um þennan lið fundargerðar.

Bókun fundar:

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 9 atkvæðum tillögu skipulags- og samgöngunefndar um að lóðarhafa við Norðurlandsveg 3 verði gert að reisa hljóðvegg í samræmi við gildandi deiliskipulag og þeim heimildum sem þar eru varðandi hljóðvarnir milli atvinnusvæðis og aðliggjandi íbúðabyggðar. Skipulags- og byggingafulltrúa falið að vinna málið áfram.

16. Gangbrautir á Húnabraut. (2608009)

Til umfjöllunar er umferðaröryggi á Húnabraut og tillaga um lagningu þriggja gangbrauta með það að markmiði að bæta öryggi gangandi vegfarenda og skapa öruggari tengingar yfir götuna. Í tengslum við málið telur nefndin jafnframt mikilvægt að horfa heildstætt á umferðaröryggi í sveitarfélaginu og meta þörf fyrir frekari aðgerðir á götum, við gatnamót og á helstu göngu- og akstursleiðum. Skipulags- og samgöngunefnd vísar ákvörðun um staðsetningu gangbrauta við Húnabraut til vinnu við umferðaröryggisáætlun fyrir sveitarfélagið.

6. F26-08-081 - 26. fundur atvinnu- og menningarnefndar

Fundargerð 26. fundar atvinnu- og menningarnefndar Húnabyggðar lögð fram til staðfestingar á 75. fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar eins og einstök erindi bera með sér. Liður 3 þarfnast sérstakrar afgreiðslu. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með níu atkvæðum samhljóða.

26. fundur atvinnu- og menningarnefndar F26-08-081 Atvinnu- og menningarnefnd fundargerð Fundur haldinn þann 3.9.2026, 14:00 – 15:52. Staðsetning fundar:

Húnabraut 5.

Fundarstjóri: Sævar Björgvinsson

Ritari: Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Fundinn sátu:

Freyja Dís Jóhannsdóttir aðalmaður

Jenný Lind Gunnarsdóttir aðalmaður

Ágústa Rós Ingibjörnsdóttir varamaður fyrir Guðmann Valdimarsson

Pétur Arason sveitarstjóri

Baldur Haraldsson starfsmaður á skrifstofu

Gestir:

Eva Guðbjartsdóttir

Erla Ísafold Sigurðardóttir

1. M26-08-459 - Leikfélag Blönduóss

Fulltrúar Leikfélags Blönduóss mæta á fundinn og ræða stöðu og framtíð félagsins og samstarf við Húnabyggð.

Inn á fundinn komu Erla Ísafold Sigurðardóttir og Eva Guðbjartsdóttir frá Leikfélagi Blönduóss og sögðu frá starfsemi Leikfélagsins undanfarin ár og samstarfi við sveitarfélagið. Einnig fóru þær yfir framkvæmdir sem þyrfti að fara í tengdar lýsingu, hljóði, sal og sviði. Þá kom fram að samningur milli Leikfélagsins og Húnabyggðar sé útrunninn og óskað er eftir nýjum samningi. Nefndin þakkar Erlu og Evu fyrir góða kynningu á starfsemi leikfélagsins og framtíðarsýn. Nefndin óskar eftir tillögum frá leikfélaginu varðandi forgangsverkefni tengd starfsemi félagsins í félagsheimilinu á Blönduósi, sem og leikfélagið leggi fram drög að nýjum samningi.

Erla og Eva viku af fundi að þessum lið loknum.

2. M26-08-450 - Félagsheimilið á Blönduósi

Fyrir fundinum lá bókun byggðarráðs Húnabyggðar frá 13. ágúst sl. varðandi að koma með tillögur til byggðarráðs um framtíðarsýn og starfsemi Félagsheimilisins á Blönduósi. Atvinnu- og menningarnefnd leggur til að Húnabyggð taki við rekstri Félagsheimilisins á Blönduósi þegar núverandi rekstrarfyrirkomulagi lýkur. Unnin verði rekstraráætlun og reynslan af rekstrinum metin áður en tekin verður ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag. Jafnframt verði lagt mat á ástand hússins, viðhalds- og endurbótaþörf og skoðað með hvaða hætti auka megi nýtingu þess fyrir íbúa, menningarstarf og aðra samfélagslega starfsemi. Sveitarstjóra er falið að gerður verði listi yfir þann búnað fráfarandi rekstraraðila sem nauðsynlegur eða æskilegur er fyrir áframhaldandi rekstur.

Umræður urðu í sveitarstjórn um þennan lið.

Bókun fundar:

Sveitarstjórn beinir því til atvinnu- og menningarnefndar að vinna að umsóknum um styrki til viðhalds og varðveislu Félagsheimilisins á Blönduósi líkt og fengist hafa í nágrannasveitarfélögunum.

3. M26-08-546 - Blönduós 150 ára

Rætt um viðburð á vegum sveitarfélagsins í tilefni af 150 ára afmæli Blönduóss. Atvinnu- og menningarnefnd leggur til við sveitarstjórn að haldin verði samkoma í tilefni þess að í ár eru 150 ár síðan Blönduós fékk löggildingu sem verslunarstaður og fyrstu lóðir voru mældar út.

Bókun fundar:

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 9 atkvæðum að hafa kaffisamsæti í Félagsheimilinu á Blönduósi í tilefni af 150 ára afmæli Blönduóss, sveitarstjórn felur atvinnu- og menningarnefnd að skipuleggja viðburðinn í samstarfi við umsjónarmann ljósmyndasafns Héraðsskjalasafns A-Hún. og ákveða dagsetningu.

4. M26-06-341 - Þrjónagleði 2027

Dagsetning Þrjónagleði 2027

Nefndin staðfestir að Þrjónagleði 2027 verður haldin 3.-6. júní.

5. M26-06-345 - Önnur mál atvinnu- og menningarnefndar

Inn á fundinn kom Baldur Haraldsson, starfsmaður Húnabyggðar. Hann fór yfir möguleika sveitarfélagsins varðandi styrkjamál og þau verkefni sem eru í gangi í sveitarfélaginu í tengslum við styrkúthlutanir. Miklar umræður urðu í nefndinni varðandi möguleg framtíðarverkefni í sveitarfélaginu. Nefndin þakkar Baldri fyrir góða kynningu á styrkjamálum.

Fundi slitið 15:52.

7. M26-08-474 - Skýrsla sveitarstjóra

Bókun sveitarstjóra:

Sveitarstjóri fór yfir helstu verkefni sveitarfélagsins og stöðu sveitarfélagsins almennt. Sveitarstjóri lauk máli sínu með sérstökum þökkum til allra kjörinna fulltrúa fyrir samstarfið á yfirstandandi og á síðasta kjörtímabili. Það hefur verið heiður að vinna fyrir Húnabyggð í rúm fjögur ár og vera með í að búa til nýtt sveitarfélag sem náð hefur góðri fótfestu þrátt fyrir mikla umbrotatíma öll árin. Sameiningar sveitarfélaganna þriggja og slit þriggja byggðasamlaga hafa verið risavaxin verkefni fyrir ekki stærri stjórnsýslueining en Húnabyggð er. Þá hefur verið unnið þrekvirki af starfsmönnum sveitarfélagsins að endurskipuleggja fjármál og rekstur sveitarfélagsins. Allar deildir hafa tekið þátt í þeirri vinnu og eiga sinn hlut í þeim árangri sem náðst hefur. Verkefninu er langt frá því að vera

lokið og mörg hagræðingartækifæri enn fyrir hendi og enn er töluvert eftir af verkefnum sem tengjast sameiningu sveitarfélaganna. En miðað við stærð skrifstofunnar og þeirra rekstrareininga sem mynda vinnustaðinn Húnabyggð hefur þessi vinna gengið vonum framar og sveitarstjóri vil koma á framfæri sérstökum þökkum til allra starfsmanna, Húnabyggð er frábært teymi! Fjárhagslegri sjálfbærni er ekki að fullu náð en staðan er meira en ásættanleg og í farvatninu eru verkefni sem munu skapa vöxt í samfélaginu og tryggja enn frekar tekjustoðir sveitarfélagsins. Þetta hafa verið ár harðar baráttu bæði er varðar innri málefni, skipulag og rekstur sveitarfélagsins en ekki síst hvað varðar ytri hagsmunamál Húnabyggðar og alls svæðisins. Þar hafa unnist áfangasigrar sem hægt er að byggja á til frekari sóknar, en ljóst er að hvergi má láta deigan síga í þeirri baráttu. Það er ljóst að engin nema við sjálf sköpum okkar framtíð og fyrir henni verðum við berjast og hafa úthald til að allir sem hér búa hafi sömu tækifæri og aðrir íbúar landsins. Þá vill sveitarstjóri einnig koma á framfæri þökkum til allra íbúa, samstarfið hefur verið skemmtilegt og okkur hefur tekist að blása miklu lífi í menningarmál svæðisins ekki síst með fjölbreyttum viðburðum sem tekið er eftir. Eðli málsins samkvæmt fór mikill tími í að vera undir húddinu á meðan verið var að koma vélinni í gang, en þetta var fyrst og fremst skemmtileg reynsla og lærdómsrík. Sveitarstjóri vill að lokum koma á framfæri góðum óskum um að Húnabyggð gangi allt í haginn og óskar eftirmanni sínum velfarnaðar í skemmtilegu og krefjandi starfi.

Bókun sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn Húnabyggðar þakkar fráfarandi sveitarstjóra Pétri Bergþóri Arasyni fyrir störf hans í þágu sveitarfélagsins og fyrir gott samstarf á starfstímanum. Á starfstíma hans hafa fjölmörg verkefni verið unnin í þágu sveitarfélagsins og samfélagsins alls. Sveitarstjórn vill þakka fyrir vel unnin störf, metnað og það framlag sem hann hefur lagt af mörkum og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi. Bókun þessi samþykkt samhljóða með 9 atkvæðum.

Fundi slitið 16:54.